

Alþingi

Erindi nr. Þ 112 / 1969

komudagur 24 / 04 1990


HÚSAFRÍÐUNARNEFND

Reykjavík 18. apríl 1990

Húsafríðunarnefnd þakkar bréf háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis ds. 11. apríl 1990 þar sem leitað er umsagnar á tillögu til þingsályktunar um framkvæmd við Þjóðleikhúsið, 459. mál.

Húsafríðunarnefnd leyfir sér að taka undir ályktun þessa enda hefur nefndin mælt gegn fyrirhuguðum breytingum á sal Þjóðleikhússins. Hefur nefndin fjallað um málið og gert byggingarnefnd Þjóðleikhússins grein fyrir afstöðu sinni í bréfum sbr. fylgiskjöl 1-3. Afrit af þeim bréfum voru send menntamálaráðherra en einnig óskaði nefndin eftir B-fríðun Þjóðleikhússins í bréfi ds. 16. nóvember 1989, sbr. fylgiskjal 4.

Virðingarfyllt



Þór Magnússon

formaður

ALLSHERJARNEFND SAMEINADS ÞINGS

Nefndarritari

Þorsteinn Magnússon

Alþingi

150 Reykjavík.

HÚSAFRÍÐUNARNEFND

Reykjavík 15. nóvember 1989

Húsafriðunarnefnd þakkar byggingarnefnd Þjóðleikhúss fyrir að kynna nefndinni fyrirhugaðar framkvæmdir við Þjóðleikhús nú, þótt æskjiegri hefði verið að gera það fyrr.

Nefndin telur Þjóðleikhúsið hafa mikið listrænt og menningarsögulegt gildi og mikilvægt er að það sé haft í huga þegar viðgerð fer fram.


Þjóðleikhúsið er ekki friðuð bygging, þar sem það er yngra en þau hús, sem hingað til hafa verið til umræðu í sambandi við friðun. Hins vegar á það tvímæialaust að vera í flokki þeirra húsa, sem skráð eru sem menningarminjar. Kemur bæði til, að húsið er þjóðarminnismerki í sjálfu sér, fyrsta leikhús þjóðarinnar sem sérstaklega er byggt sem slíkt, með stærstu húsum síns tíma, teiknað af Guðjóni Samúelssyni og um flesta hluti einstætt.

Þótt húsið hafi tekið einhverjum breytingum á hönnunarstigi, ber að meta það eftir endanlegri gerð, þeirri sem arkitektinn fékk því að lokum. Ekki hefur annað heyrst en að húsið hafi þjónað vel tilgangi sínum. Vitaskuid hljóta þó að hafa komið fram ýmsir ágallar, sem menn vilja bæta úr, einkum í sambandi við tækjabúnað, tæknirými og aðstöðu starfsfólks.

Húsafriðunarnefnd getur ekki mælt með breytingum á hinum listræna svip hússins, hvorki hlö ytra né Innra.

Nefndin ieggur áherzlu á, að áhorfendasal, sætaskipan svo og svalaskipan verði ekki breytt að neinu marki frá því sem nú er. Nefndin getur þó fallizt á einhverja hækkun á gólfi í sal. Þá hefur nefndin skilning á nauðsyn þess að lagfæra umbúnað sviðsops, hljómsveitargryfju og ljósabúnað, sem og að koma fyrir lyftu vegna hreyfihamlaðra.

Virðingarfyllst



Þór Magnússon

formaður.

Byggingarnefnd Þjóðleikhúss
Þjóðleikhúsinu.

HÚSAFRIÐUNARNEFND

Reykjavík 7. mars 1990

Byggingarnefnd Þjóðleikhúss
formaður
Skúli Guðmundsson
Innkaupastofnun ríkisins
Borgartúni 7
Reykjavík.

Af gefnu tilefni vill húsafriðunarnefnd ítreka, að afstaða nefndarinnar til breytinga á Þjóðleikhúsinu er skýr. Sum atriði þeirra breytinga getur nefndin sætt sig við en önnur eru þess eðlis að nefndin hefur mælt gegn þeim.

Því leyfir nefndin sér að koma því á framfæri við yður að samkvæmt hlutverki sínu getur hún ekki verið umsagnar- og eftirlitsaðili um hönnun og útfærslu atriða, sem eru afleiðing þeirra breytinga, sem hún hefur mælt gegn.

Virðingarfyllt
f.h. húsafriðunarnefndar



Þór Magnússon
formaður.

Samrit sent:
Húsameistara Garðari Halldórssyni
Byggingarstjóra Gunnari St. Ólafssyni

HÚSAFRIÐUNARNEFND

Reykjavík 5. janúar 1990

Húsafriðunarnefnd hefur farið í gegnum lista yfir helstu breytingar, sem fyrirhugaðar eru í Þjóðleikhúsinu, sbr. bréf byggingarnefndar ds. 29. desember 1989 og fund nefndarinnar með byggingarnefndinni í Þjóðleikhúsinu í dag. Hér á eftir verða gefin svör við hverju atriði fyrir sig í samræmi við niðurstöður Húsafriðunarnefndar eftir nákvæma umfjöllun.

1. Þessi breyting skaðar ekki útlit hússins en verður að skoðast í samhengi við meðferð á svöiunum.
2. Afstaða nefndarinnar til þessa máls er óbreytt frá því sem fram kemur í bréfi hennar til byggingarnefndar 15. nóvember s.l. og því getur hún ekki fallist á þessa breytingu.
3. Húsafriðunarnefnd fellst á að bar komi við norðurvegg í kristalsal.
4. Húsafriðunarnefnd gerir ekki athugasemd við breytingar í hljóðstjórnarklefa.
5. Til umræddra breytinga í þessum lið leyfir nefndin sér að vísa til afstöðu sinnar við lið 2, þar sem þessi breyting er bein afleiðing hennar.
6. Nefndin gerir ekki athugasemdir við breytta tilhögun á snyrtingum og fatahengi á annarri hæð.
7. Nefndin telur að aðgerðir sem þarna eru nefndar tengist því hvernig farið verður með svalir og vísar því til svars við 2. lið.
8. Nefndin leggur áherslu á að anddyrið fá sitt upprunalega útlit og að hurðir þar verði áfram á sínum stað.

9. Nefndin gerir ekki athugasemdir við lagfæringar á aðgengi fyrir hreyfihamlaða enda sé það gert þannig úr garði að það hæfi húsinu, sbr. einnig bréf nefndarinnar til byggingarnefndar 15. nóvember s.l.

10. Nefndin telur, að með því að færa fatahengi undir salargólf breytist ásjóna hússins mjög og er einnig háð meðferð salarins. Nefndin mælir gegn þessari breytingu.

11. Svo sem fram hefur komið hér að framan hefur nefndin ekki breytt afstöðu sinni varðandi meðferð salarins. Nefndin getur þó fallist á lítills háttar hækkun á salargólfi til að bæta sjónlínur.

12 - 17. Nefndin gerir ekki athugasemdir við stækkun hljómsveitargryfju, breikkun sviðsops, lagfæringu á stúkum til samræmis við breikkun sviðsops, breytingar á skyggni yfir sviðsopi, tilkomu ljósabruár og ljósaterna á hliðarveggi í sal. Nefndin gerir sér grein fyrir, að þessi atriði muni breyta salnum nokkuð en með tilliti til starfsemi hússins vill nefndin ekki mæla gegn umræddum lagfæringum á sviði og tækniþúnaði.


18. Nefndin sér ekkert athugasemdir við það að reisa tækjaklefa neðanjarðar að austan við húsið.

19. Nefndin kýs að fresta nákvæmri umfjöllun um kjallara hússins enda breytingar þar enn óljósar eins og kemur fram í bréfi byggingarnefndar.

Það er ósk Húsafriðunarnefndar að umfjöllun hennar um breytingar Þjóðleikhússins nú hafi orðið til þess að skýra frekar afstöðu hennar til málsins, eins og menntamálaráðherra óskaði eftir á fundi með nefndinni 29.12. 1989.

Nefndin vill leggja á það ríka áherslu að við allar breytingar á Þjóðleikhúsinu verði í efnisvali, frágangi og litavali tekið mið af upprunalegri gerð hússins.

Virðingarfyllst



Þór Magnússon

Þjóðminjavörður.

*Til byggingarnefndar Þjóðleikhússins
fr. Menntamálaráðherra*

Afrit sent menntamálaráðherra Svavari Gestssyni.

HÚSAFRÍÐUNARNEFND

Reykjavík 16. nóvember 1989

Hr. menntamálaráðherra
Svavar Gestsson
Menntamálaráðuneytinu
Sölvhólgötu
150 Reykjavík.


Á fundi Húsafríðunarnefndar hinn 15. nóvember s.l. var samþykkt einróma að biðja um friðun á Þjóðleikhúsinu í B-flokki, og taki friðun til ytra borðs hússins, ganga, stiga og áhorfendasalar.

Ástæða beiðinnar er sú, að byggingarnefnd Þjóðleikhússins hefur leitað álits Húsafríðunarnefndar á fyrirbyggjandi tillögum að breytingum á húsinu. Húsafríðunarnefnd hefur fjallað ítarlega um málið og komið að þeirri niðurstöðu, að hún geti fyrir sitt leyti fallið á lægfæringar innan húss svo og á viðbyggingar við það, sem verði einkum til að bæta aðstöðu fyrir tæknibúnað, leikmyndagerð og starfsfólk. En þá hluta hússins, sem snúa að almenningi, verði að varðveita sem allra næst þeirri mynd, sem það fékk endanlega og gefur því gildi.

Byggingarnefnd Þjóðleikhússins hefur í dag verið sent bréf nefndarinnar, sem hér fylgir ljósrít af.

Jafnframt þessu hefur nefndin ákveðið að fara fram á friðun ýmissa annarra húsa frá síðari áratugum, sem kallast mega þjóðarminnismerki og flest eru í opinberri eigu, og munu belðnir þar að lútandi verða sendar yður innan tíðar.

Virðingarfyllt



Þór Magnússon
formaður.